

**2. gr.**

3. gr. orðist þannig:

**Bryggjugjöld.**

Öll skip sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 4.80 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftár en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 518.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

**3. gr.**

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 1 920.00 fyrir hvert skip, auk kr. 4.80 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálfgt gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 400.00 í hafnsögu-sjóð.

**4. gr.**

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 175.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 370.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 025.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 100.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 80.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 20. júlí 1976.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954 um sölu og veitingar áfengis.**

**1. gr.**

8. gr. orðist svo:

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 45% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt það í heilum eða hálfum flöskum, en þegar sala fer fram í minni skömmtum er veitingastað heimilt að leggja allt að 75% á kaupverðið. Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja þjónustugjald og söluskatt, eftir þeim reglum, sem um þau gjöld gilda.

Áfengis- og íóbaksverslun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að. Skal í verðskránni miðað við það, að endanlegt verð veitinga til neytenda standi ávallt í heilum eða hálfum tug króna, þannig að verðið hækki eða lækki í þá fjárhæð samkvæmt almennum reglum.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingu.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast gildi 1. ágúst 1976.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 74 22. mars 1976 um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. júlí 1976.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

# REGLUR

## um hreindýraveiðar á Austurlandi 1976.

### 1. gr.

Heimilt skal að veiða allt að 1115 hreindýr í Múlasýslum og Austur-Skaftafells-sýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1976. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með. að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

### 2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr. skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa:

1. Vönnafjarðarhreppur	25 hreindýr
2. Fliótsdalshreppur	125 —
3. Jökuldalshreppur	125 —
4. Fellahreppur	80 —
5. Tunguhreppur	80 —
6. Hlíðarhreppur	30 —
7. Hjaltastaðahreppur	35 —
8. Borgarfjarðarhreppur	20 —
9. Seyðisfjarðarhreppur	15 —
10. Skriðdalshreppur	70 —
11. Vallahreppur	90 —
12. Egilsstaðahreppur	35 —
13. Eiðahreppur	45 —
14. Mjóafjarðarhreppur	15 —
15. Norðfjarðarhreppur	15 —
16. Helgustaðahreppur	20 —
17. Reyðarfjarðarhreppur	35 —
18. Fáskrúðsfjarðarhreppur	15 —
19. Búðahreppur	15 —